

AUGLÝSING

(VI) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 605 frá 3. júlí 2015 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2015/2016 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

Vopnafjarðarhreppur.

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 3. júlí 2015 gilda um úthlutun byggðakvóta Vopnafjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, skal skipt þannig: *35% úthlutaðs byggðakvóta skiptist jafnt milli báta undir 1.000 brúttótonnum, sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og 65% byggðakvótans skal skipt hlutfallslega til sömu skipa, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var á Vopnafirði á tímabilinu 1. september 2014 til 31. ágúst 2015.*
- b) Ákvæði 1. og 4. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla á Vopnafirði sem telja á til byggðakvóta, til vinnslu á Vopnafirði á tímabilinu frá 1. september 2015 til 31. ágúst 2016. Eigandi fiskiskips skal gera skriflegan samning við *fiskkaupendur* um magn sem landað verður til vinnslu á Vopnafirði, þar sem fram kemur að *vinnsluaðilar* skuldbindi sig til að vinna aflann á Vopnafirði og skal sveitarstjórn árita samninginn til staðfestingar.

Ísafjarðarbær.

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 3. júlí 2015 gilda um úthlutun byggðakvóta Ísafjarðar, með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði a-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, *eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga*, við lok umsóknarfrests.
- b) Ákvæði c-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í *sveitarfélaginu* 1. júlí 2015.
- c) Ákvæði 1. másl. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, *og skal fyrst úthluta bátum með frístundaleyfi, sbr. a) lið, 1 þorskígildistoni á bát, 30% af því sem eftir stendur skal skipt jafnt milli annarra skipa, þó ekki meir í þorskígildum talið en viðkomandi bátur landaði í þorskígildum talið á fiskveiðiarinu 2014/2015, afganginum skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2014 til 31. ágúst 2015.*

Afli af fiskiskipum sem landað er í *sveitarfélaginu* af bátum sem ekki eru skráðir innan *sveitarfélagsins* á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

- d) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla, sem telja á til byggðakvóta Ísafjarðar til vinnslu innan *sveitarfélagsins*, á tímabilinu frá 1. september 2015 til 31. ágúst 2016.

Sveitarfélagið Vogar.

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 3. júlí 2015 gilda um úthlutun byggðakvóta Sveitarfélagsins Voga með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2014 til 31. ágúst 2015.

Norðurþing.

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 3. júlí 2015 gilda um úthlutun byggðakvóta Húsavíkur, Raufarhafnar og Kópaskers með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan *sveitarfélagsins* á tímabilinu 1. september 2014 til 31. ágúst 2015.
- b) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Afli af fiskiskipum sem landað er í *sveitarfélagi* af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi *sveitarfélags* á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.
- c) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan *sveitarfélagsins* á tímabilinu frá 1. september 2015 til 31. ágúst 2016.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi áður auglýstar reglur Ísafjarðar og Sveitarfélagsins Voga um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2015/2016, samkvæmt auglýsingu nr. 1043 frá 19. nóvember 2015.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 18. desember 2015.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Baldur P. Erlingsson.

Hinrik Greipsson.